

L Ö G**um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:**1. gr.**

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er einnig heimilt, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að kveða svo á með reglugerð, að réttindi til stjórnar nánar tiltekinna, stórvirkra vinnuvéla skuli bundin við ákveðna starfsreynslu eða nám.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.***Bjarni Benediktsson.****Birgir Finnsson.****Gizur Bergsteinsson.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.***L Ö G****um Skipaútgerð ríkisins.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:**1. gr.**

Skipaútgerð ríkisins, sem hóf starfsemi sína árið 1929, skal framvegis starfa undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Hlutverk Skipaútgerðar ríkisins er að annast áætlunarferðir skipa með farþega, pósti og vörur meðfram ströndum Íslands, svo og aðra útgerðarstjórn, sem henni kann að vera falin. Einnig skal Skipaútgerðinni heimilt að halda uppi flutningum á landi milli hafna í sambandi við áætlunarferðir strandferðaskipa.